

170. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 30. apríl 2019 í Stykkishólmi.

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir og Rebekka Eiríksdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Formaður minntist Eiríks Snæbjörnssonar sem átti farsælt starf með nefndinni og sendir aðstandendum hans innilegar samúðarkveðjur.

Fundargerð 169. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands: umsagnir Breiðafjarðarnefndar og fráveitumál

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar Heilbrigðiseftirliti Vesturlands fyrir góðar ábendingar og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Nefndin fékk skipulagslýsingu deiliskipulags vegna Skerðingsstaða til umsagnar þann 19. mars síðastliðinn og afgreiddi málið í tölvupósti. Í afgreiðslu nefndarinnar kemur eftirfarandi fram:

Varðandi framkvæmdir við Lárvaðal bendir Breiðafjarðarnefnd á mikilvægi þess að útfæra frárennismál vandlega á fyrstu stigum áforma um framkvæmdir, enda verulegt frárennsli frá svo miklu byggingarmagni og nokkuð lífríki í og á lóninu, þ.á m. bleikja, endur og himbrimar.

Nefndin fékk tillögu að deiliskipulagi í landi Óss til umsagnar þann 22. febrúar síðastliðinn. Í umsögninni var ekki sérstaklega fjallað um frárennismál en nefndin tekur undir sjónarmið heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

Erindi frá Samlíf (samtökum líffræðikennara)

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar fyrir boðið en hefur því miður ekki tök á að senda fulltrúa til að halda erindi á sumarnámskeiðinu.

Frumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða: umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Framvarp lagt fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna málið áfram í gegnum tölvupóst.

Vettvangsferð 2019

Afgreiðsla:

Áætlað að vettvangsferð sumarsins verði sigling um mynni Hvammsfjarðar. Samþykkt að senda könnun vegna dagsetninga. Róbert og Magnús sjá um að setja saman dagskrá í samvinnu við staðkunnuga.

Man and biospere: möguleikar á kynningu á verkefninu

Martin Price, sem á sæti í ráðgjafarnefnd UNESCO verkefnið „Man and biospere“ býðst til þess að funda með nefndinni og kynna fyrir henni umrætt verkefni.

Afgreiðsla:

Nefndin þiggur kynningu á verkefninu og leggur til að fulltrúum sveitarfélaga við fjörðinn verði boðið á fundinn.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Afgreiðsla:

Þann 26. febrúar sendi Breiðafjarðarnefnd tveimur sveitarfélögum, Vesturbyggð og Snæfellsbæ, erindi þar sem óskað var eftir afstöðu þeirra varðandi hugmyndir að stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar. Svar hefur borist frá Vesturbyggð sem tekur jákvætt í erindið.

Samstarf við Umhverfisstofnun

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur úthlutað fjármunum sem meðal annars eiga að standa undir landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar. Ráðuneytið leggur til að útfærslan verði unnin í nánú samstarfi við Breiðafjarðarnefnd. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með verkinu og óskar eftir fundi með forsvarsmönnum nefndarinnar.

Afgreiðsla:

Nefndin fagnar auknu framlagi til verndar Breiðafjarðarsvæðisins. Nefndin telur að besta nýting fjármagnsins eins og staðan er núna sé að hækka starfshlutfall starfsmanns nefndarinnar til þess að sinna framkvæmd verndaráætlunar.

Nefndin telur mikilvægt að skýr markmið verði sett með því starfi sem Umhverfisstofnun á að sinna og að tekið verði saman í lok árs hverju starfið hefur skilað innan og við jaðar verndarsvæðisins. Nefndin bendir á nokkur verkefni:

- Útfæra gönguleiðir (strandleiðir/hvar má fara niður að sjó) í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes og norðurslóðaverkefnið SHAPE á Snæfellsnesi.
- Landvarsla á fjölsóttum ferðamannastöðum sem eru undir álagi vegna ferðamanna (t.d. Flatey, Stykkishólmur (Súgandisey), Kirkjufell, Vatnsfjörður). Útfært í samræmi við áfangastaðaáætlanir og unnið í samstarfi við landverði beggja vegna fjarðarins.

- Fræðsla, meðal annars í samstarfi við skóla á svæðinu. Fjölbautaskóli Snæfellinga starfar til dæmis beggja vegna fjarðar.
- Undirbúningur vegna framtíðar verndunar svæðisins.
 - Íbúakannanir þar sem meðal annars er skoðað hvernig íbúar upplifa svæðið og hver þeirra framtíðarsýn er.
 - Afla gagna sem nýtast við stjórnun svæðisins, t.d. um eftir hvaða leiðum fólk kemur inn á verndarsvæðið. Spurningakannanir um ástæður heimsókna o.fl.

Fræðsluþing um framtíð Breiðafjarðar: samstarf við umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti óskar eftir því við Breiðafjarðarnefnd að nefndin leggi línurnar og fái stuðning frá ráðuneytinu við undirbúning og framkvæmd. Stefnt að fræðsluþingi í haust um hvað íbúar og sveitarfélög telji hentugast fyrir fjörðinn til framtíðar.

Afreiðsla:

Samþykkt að vinna að dagskrá og frekari hugmyndum fyrir fræðsluþingið í gegnum tölvupóst og senda á fulltrúa Umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem fyrst.

Brotið skilti við Brjánslæk

Afgreiðsla:

Samþykkt að fá verktaka af svæðinu í að lagfæra skiltið og koma því upp.

Önnur mál

1. **Erindi frá Grundarfjarðarbæ: Beiðni um umsögn um verkefnislýsingu fyrir gerð deiliskipulags í landi Skerðingsstaða.**

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir erindi Grundarfjarðarbæjar vegna verkefnislýsingar fyrir gerð deiliskipulags í landi Skerðingsstaða.

Byggingarsvæðið sem um ræðir er við sjávarlónið Lárvaðal. Í 21. fjölríti Náttúruverndarráðs (Agnar Ingólfsson 1990. Sjávarlón á Íslandi) kemur fram að Lárós hafi áður verið vel opinn og breiður og að þá hafi miklar sandmaðksleirur verið á vaðlinum. Honum var hins vegar að mestu lokað vegna fiskeldis um 1970 og gætir sjávarfalla minna í lóninu eftir það.

Varðandi framkvæmdir við Lárvaðal bendir Breiðafjarðarnefnd á mikilvægi þess að útfæra frárennismál vandlega á fyrstu stigum áforma um framkvæmdir, enda verulegt frárennsli frá svo miklu byggingarmagni og nokkuð lífríki í og á lóninu, þ.á m. bleikja, endur og himbrimar.

Af þeim gögnum sem finna má á netinu og í verkefnislýsingunni má ráða að fyrirhugaðar byggingar muni verða mjög áberandi í landslagi (bæði vegna áberandi staðsetningar og stærðar). Þær muni því hafa talsverð áhrif á útsýni vegfarenda til Kirkjufells, Látravíkur, Stöðvar og Lárvaðalsins sjálfs.

2. **Erindi frá Umhverfisstofnun: Látrabjarg – tillaga að friðlýsingu til kynningar**

Afgreiðsla:

Nefndin hefur áður lagt til að Látrabjarg verði hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar og fagnar þess vegna tillögu að friðlýsingu.

3. Þjónustusamningur Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Náttúrustofu Vesturlands og Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla:

Samningur hefur verið undirritaður.

4. Staða verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands og Anok
 - Í vinnslu. Texti kominn til umbrots hjá Anok.
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Í vinnslu.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum
 - Í vinnslu (skýrslu átti að skila í lok febrúar).
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur
 - Í vinnslu. Tefst fram á vorið.
- Örnefnaskráningar, Náttúrufræðistofnun Íslands – í vinnslu.
- Fjöruvísir, Svæðisgarður Snæfellinga - í vinnslu

Fundi slitið kl. 14:30